Reiðvega- og Samgöngunefnd LH

Skýrsla fyrir starfsárið 2026



Hestalest á ferð eftir gamalli reiðleið á hálendi Íslands.
Varða við götuna markar leiðina um heiðina

Ljósm. SE



Landmannalaugar, Jökulgil.

Ljósm. HHH

REIÐVEGA- OG SAMGÖNGUNEFND LH 2026

Reiðvega- og samgöngunefnd LH skipa formenn svæðisbundnu reiðveganefndanna ásamt formanni skipuðum af LH, þessi skipa nefndina árið 2026.

Nöfn:	**Tölvupóstföng:**	**Símar:**
Jón Magnússon formaður	jonmag@kopavogur.is	868 1425
Sæmundur Eiríksson SV svæði varaform.	klopp@simnet.is	699 7747
Einar Á. Sæmundsen Suðursvæði 1	einar@thingvellir.is	891 6764
Kristín Bjarnadóttir Suðursvæði 2	vegghamar@internet.is	776 7846
Sveinbjörn Eyjólfsson Vestursvæði	bull@bondi.is	858 0857
Víkingur Gunnarsson N.V.svæði	vikingur@holar.is	864 6937
Örn Viðar Birgisson N.A. svæði	ornvidarbirgisson@gmail.com	844 1045
Magnús Skúlason Austursvæði	maggggi@gmail.com	899 7006

Aðstoðarmaður nefndarinnar er Halldór H. Halldórsson 892 8678 bilamalunh@gmail.com

❖

Skipan nefndarinnar

Reiðvega- og samgöngunefnd LH starfar samkvæmt starfsreglum Landssambands hestamannafélaga. Landinu er skipt í sjö reiðvegasvæði og eiga formenn svæðisnefndanna sæti í nefndinni. Með þessu fyrirkomulagi er leitast við að tryggja beina tengingu milli hestamannafélaganna, svæðanna og LH og að sjónarmið ólíkra landshluta komist að við forgangsröðun verkefna.

Nefndin vinnur náið með skrifstofu og stjórn LH, Vegagerðinni, sveitarfélögum, hestamannafélögum og öðrum þeim aðilum sem koma að skipulagi, framkvæmdum og varðveislu reiðleiða.

Reiðvega- og samgöngunefnd LH 2026

Starf Reiðvega- og samgöngunefndar Landssambands hestamannafélaga á árinu 2026 hefur sem fyrr beinst að uppbyggingu og viðhaldi reiðvegakerfis landsins, úthlutun reiðvegafjár, samstarfi við Vegagerðina og sveitarfélög, skipulagsmálum, skráningu reiðleiða og hagsmunagæslu gagnvart stjórnvöldum.

Árið hefur jafnframt einkennst af mikilli umræðu um fjármögnun reiðvega og samþykkt samgönguáætlunar 2026–2040. Sú niðurstaða að halda ríkisframlagi til reiðvega óbreyttu að nafnvirði næstu fimmtán árin veldur verulegum áhyggjum enda fer framkvæmda- og viðhaldsþörf vaxandi um allt land.

Fundir og starf nefndarinnar

Nefndin hefur fundað eftir þörfum á árinu og jafnframt átt nokkur samskipti milli funda vegna einstakra verkefna, úthlutunar reiðvegafjár, skipulagsmála og samskipta við stjórnvöld og Vegagerðina.

Mikilvægt hefur verið að efla beina tengingu hestamannafélaganna við Vegagerðina. Fyrir liggur yfirlit yfir samskiptaaðila Vegagerðarinnar fyrir hvert hestamannafélag ásamt verknúmerum verkefna. Markmiðið er að einfalda samskipti, bæta eftirfylgni framkvæmda og tryggja skýrari verkferla.

Reiðvega- og samgöngunefnd LH 2026
Fundargerð.

Fundur Reiðvega- og samgöngunefndar LH laugardaginn 21. mars 2026, kl. 10:00 – 12:00 fundarstaður Íþróttamiðstöðin í Laugardal skrifstofa LH.
Mættir til fundarins voru :
Jón Magnússson formaður Reiðvega- og samgöngunefndar,
Halldór H Halldórsson aðstoðarmaður Reiðvega- og samgöngunefndar,
Sæmundur Eiríksson Suðvestursvæði, Víkingur Gunnarsson Norðursvæði 1 og
Berglind Karlsdóttir framkvæmdarstjóri LH.

Tengd fjarfundarbúnaði voru : Einar Á Sæmundssen Suðursvæði 1,
Kristín Bjarnadóttir Suðursvæði 2, Magnús Skúlason Austursvæði,
Örn Viðar Birgisson Norðursvæði 2 og Sveinbjörn Eyjólfsson Vestursvæði

Jón Magnússson formaður Reiðvega- og samgöngunefndar setti fundinn og tilnefndi Sæmund Eiríksson sem fundarritara.

1. Skýrsla síðasta starfsárs 2025.

Skýrsla Reiðvega- og samgöngunefndar fyrir síðasta starfsár 2025 var send út með fundarboði.
Þar var helst nýjar starfsreglur fyrir Reiðvega- og samgöngunefnd LH.

Fundur með Vegagerð 1. apríl um breytta dagsetningu á skilum reikninga vegna reiðvega-framvæmda hvers ár verði 15. nóv og um úttekt á reiðvegaframkvæmdum sem skal framkvæmd af eftirlitsmanni Vegagerðar á hverju landsvæði áður en reikningar verða greiddir.

Haraldur Sigursteinsson var að vinna við uppfærslu og breytingar á Reiðvegahandbókinni síðasta haust m.a. vegna nýrrar reglugerðar um umferðarmerki og notkun þeirra, reglugerð nr. 250 - 2024. Svo virðist sem reiðstígar hafi orðið út undan við síðustu endurskoðun reglugerðarinnar og spurning hvernig megi bæta þar um betur, enn fremur er spurning hvernig nota má nýtt upplýsingamerki, 658.4. Eftir fund HS með Vegagerðinni hefur verið gert hlé á vinnslu Reiðvegahandbókarinnar þar til frekari skýringar koma fram. LH hefur því óskað eftir fundi hjá Samgöngustofu til þess að fá skýringar frá Samgöngustofu/ráðuneyti á réttum skilningi og túlkun á upplýsingamerkinu 658.4, ræða mögulega notkun merkinga miðað við núverandi reglugerð og hugsanlegar breytingar á reglugerðinni þannig að reiðstígum verð gerð jafngóð skil og öðrum stígum í reglugerðinni.

2. Starfsreglur Reiðvega- og samgöngunefndar LH

Lögð er fram tillaga um breytingar á Starfsreglum Reiðvega- og samgöngunefndar þar sem skýrt er betur hlutverk reiðveganefnda hestmannafélaga og reiðveganefnda landssvæða. Tillagan hefur fengið umfjöllun hjá stjórn LH og var samþykkt þar og vísað til Reiðvega- og samgöngunefndar til endanlegrar samþykktar.

ES : Legg til að bætt verði inn hvernig landinu er skipt í svæði.
SæE : Yfirlitsmynd af skiptingu landssvæða úr Reiðvegahandbókinni verði bætt inn.

Tillaga samþykkt samhljóða.

3. Fjárheimildir 2025

HHH : Farið yfir fjárheimildir 2025
Reiðvegaframkvæmdir 2025 voru samtals kr. 99.660.440,- en
fjárheimild var kr. 100.693.138 og mismunur því kr. 1.032.698 sem greiðist til LH.

4. Reiðvegaframkvæmdir 2025 uppgjör, skil á greinagerðum.

Suðursvæði 2 : Sindri fór kr. 1.097.925 og Geysir fór kr. 723.212 fram yfir heimild

Suðursvæði 1 : Í ferðaleiðum standa eftir kr. 500.000 af heimild.
Jökull fór kr. 25.002 fram úr heimildum.

Suðvestursvæði : Farið er kr. 144.941 fram yfir heimild.

Vestursvæði : Í ferðaleiðum standa eftir kr. 432.051 af heimild.
Hjá Dreyra standa eftir kr. 1.993.056 af heimild.
Vegna mistaka hjá Vegagerðinni var reikningi með þessarri upphæð hafnað í fyrra en það hefur nú verið leiðrétt.

Norðursvæði 1 : Í ferðaleiðum standa eftir kr. 550.000 af heimild.

Norðursvæði 2 : Farið er kr. 451.643 fram yfir heimild.
Hringur fékk viðbótarúthlutun að upphæð kr. 500.000 á móti þessarri upphæð.

Austurvæði : Farið er kr. 50.800,- fram yfir heimild.

ÖVB : Kvartað yfir erfiðu og flóknu ferli við skil á framkvæmdaskýrslum/umsóknum, mönnum vex þetta í augum og tölvufærni ekki alltaf til staðar.
Er þetta ekki að einhverju leyti tvöfalt kerfi ? fyrst er skilað reikningum til Vegagerðar fyrir hvert verk og síðan þarf að skila inn greingerð til LH ?
Það þyrfti að vera hægt að fá aðstoð frá skrifstofu LH.

HHH : Greinagerð til LH er fyrir utanumhald framkvæmda inn á Kortasjánni og þegar framkvæmdum er lokið á að skila inn greinagerð en ekki geyma það þar til allt er gleymt.

SvE : Ég er ánægður með hvernig fyrirkomulag á úttektum er hjá Vegagerðinni og einnig með fyrirkomulagið á þeim þær skýrslum og umsóknum sem sendar eru til LH.

JM : Séð verður til þess að á næsta ári verði hægt að leita til skrifstofu LH eftir aðstoð og leiðbeiningum við frágang á greinagerðum og umsóknum.

5. Reiðvegaáætlanir og umsóknir um reiðvegfé 2026.

Umsóknir fyrir reiðvegafé árið 2026 eru samtals kr. 606.621.386
Til úthlutunar eru kr. 100.000.000
HHH : Samkvæmt Samgönguáætlun sem nú er til umfjöllunar á Alþingi eru kr. 100.000.000 ætlaðar árlega til reiðvega allt til ársins 2040.

6. Samgönguáætlun 2026-2040 fundur með Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis.

Þann 5. mars funduðu Jón Magnússon formaður Reiðvega- og samgöngunefndar LH og Halldór H. Halldórsson fyrrv. form. Ferða- og samgöngunefndar LH með Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, einnig voru á sama fundartíma fulltrúar frá Bændasamtökunum og Samtökum Íslenskra Sveitarfélaga. Undirtektir á málum hestamanna voru frekar jákvæðar eins og kemur fram i meðfylgjandi fundargerð, en spurning hvort það skilar sér áfram.

ÖVB : Legg til að fenginn verði blaðamaður frá Bændablaðinu til þess að skrifa um reiðvegi og reiðvegamál í blaði sem er með góða dreifingu um allt land og er víðlesið.
JM : Góð hugmynd reynum að koma þessu á.

7. Úthlutun reiðvegafjár 2026

Landssamband hestamannafélaga

Umsóknir og úthlutun á reiðvegafé fyrir árið 2026

Svæði:	Umsókn 2026	Úthlutun 2026	Mótframlag Sveitarfélag, aðrir	Til ráðstöfunar Alls	Hlutfall af úthl.	Hlutfall af heild
Suðvestursvæði, Reykjanes:	90.453.197 kr.	15.000.000 kr.	11.500.000 kr.	26.500.000 kr.	15,00%	15,00%
Suðursvæði 1, Suðurland vestur:	89.547.189 kr.	11.000.000 kr.	8.500.000 kr.	19.500.000 kr.	11,00%	11,04%
Suðursvæði 2, Suðurland austur:	90.350.000 kr.	9.500.000 kr.	15.850.000 kr.	25.350.000 kr.	9,50%	14,35%
Vestursvæði Vesturland / Vestfirðir	34.300.000 kr.	11.000.000 kr.	5.600.200 kr.	16.600.200 kr.	11,00%	9,40%
Norðursvæði 1, Norðvesturland:	38.800.000 kr.	10.800.000 kr.	3.700.000 kr.	14.500.000 kr.	10,80%	8,21%
Norðursvæði 2, Norðausturland:	68.260.000 kr.	11.500.000 kr.	7.750.000 kr.	19.250.000 kr.	11,50%	10,90%
Austursvæði, Austurland:	16.860.000 kr.	8.000.000 kr.	0 kr.	8.000.000 kr.	8,00%	4,53%
Ferðaleiðir	173.051.000 kr.	23.200.000 kr.	18.750.000 kr.	41.950.000 kr.	23,20%	23,75%
LH Ýmis reiðvegaverkefni	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0,00%	0,00%
Reiðvegaskráning / Kortasjá	5.000.000 kr.	0 kr.	5.000.000 kr.	5.000.000 kr.	0,00%	2,83%
Samtals kr.	**606.621.386 kr.**	**100.000.000 kr.**	**76.650.200 kr.**	**176.650.200 kr.**	100,00%	100,00%

Ferðaleiðir	Umsókn 2026	Úthlutun 2026	Mótframl. Sv.félag, aðrir	Fé til ráðstöfunar Alls
		0 kr.		
Suðvestursvæði, Suðvesturland	56.351.000 kr.	10.000.000 kr.	0 kr.	10.000.000 kr.
Suðursvæði 1, Suðurland vestur	9.750.000 kr.	3.000.000 kr.	0 kr.	3.000.000 kr.
Suðursvæði 2, Suðurland austur	64.600.000 kr.	3.000.000 kr.	17.200.000 kr.	20.200.000 kr.
Vestursvæði 1, Vesturland / Vestfirðir	22.400.000 kr.	3.000.000 kr.	1.050.000 kr.	4.050.000 kr.
Norðursvæði 1, Norðvesturland	1.500.000 kr.	1.200.000 kr.	300.000 kr.	1.500.000 kr.
Norðursvæði 2, Norðausturland	18.450.000 kr.	3.000.000 kr.	200.000 kr.	3.200.000 kr.
Austursvæði, Austurland Jökulsárhlíð að Gígjukvísl	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Til ferðaleiða samt.kr.	**173.051.000 kr.**	**23.200.000 kr.**	**18.750.000 kr.**	**41.950.000 kr.**

HHH : Tillaga að úthlutun til landssvæða, svipuð skipting/hlutfall og á síðasta ári.
Úthlutun til ferðaleiða er um 20 %

VG : Er einhver vinnuregla um skiptingu innan svæða ?

ES : Hér hefur sú vinnuregla verið að annað hvert ár fer allt reiðvegaféð til uppsveita það er til Jökuls og svo annað hvert ár til félaganna Ljúfur, Háfeti og Sleipnir. Eitthvað hafa félögin verið að finna að þessu fyrirkomulagi og spurning hvort það þurfi að breyta þessu.

ÖVB : Ég sendi út skiptingu á félögin miðað við svipað hlutfall árlega.

SvE : Hér hefur sú regla verið notuð að 40% er skipt jafnt milli félaga og síðan er 60% skipt niður eftir fjölda í hverju félagi.

Tillaga að úthlutun reiðvegfjár samþykkt samhljóða

6. Önnur mál

ES : Í sumar verður lagt bundið slitlag á Einholtsveg um 7.5 km. Ég hef verið í sambandi við Vegagerðina til þess að tryggja að reiðfært verði með veginum eftir framkvæmdir og það þarf virkilega að fylgja vel eftir þeim samskiptum til þess að tryggja það að gengið verði frá reiðleið með vegi samhliða framkvæmdum.

KB : Ég hef fundað með Landsvirkjun vegna framkvæmda við Vaðölduvirkjun og mun Landsvirkjun sjá til þess að hestaumferð hafi greiða leið um eða utan framkvæmdasvæðis. Einnig hefur verið rætt um að setja upp áningagerði vestan við brúna við Þjófafoss

Síðan var rætt um jarðvegsdúka undir reiðvegi og aðkomu hestaferðafyrtækja að reiðleiðum. Þessi mál voru rædd á fundi Samgöngunefndar árið 2025 og læt ég þær umræður fylgja hér með óbreyttar frá síðasta ári :

ÖVB : Inn við Laugaland í Eyjafirði liggur reiðleið um mýri Laugarholtsleið R709.12.
Í gegnum árin hefur þurft að bæta efni í leiðina sem sígur endalaust ofan í mýrina. Í sumar var prófuð ný aðferð, settur var út jarðvegsdúkur og efni keyrt ofan á og hefur þetta komið vel út.

SE : Leitaorð fyrir svona framkvæmd á vefnum „geotextile fabric for road construction“

ÖVB : Hestaferðafyrirtæki eru mikið að nota reiðleiðir og aðstöðu á okkar svæði.
Þetta eru stórir hópar 100 til 200 hestar og nú er svo komið að bændur á þeim svæðum þar sem ágangurinn er hvað mestur eins og við Hraunsrétt hafa rætt um að loka reiðleiðum.
Einnig er það að sjálfboðaliðar sem hafa lagt á sig mikla vinnu á okkar svæði fallast hendur þegar þessir stóru hópar sem ekkert leggja til skilja eftir skemmdir á reiðleiðum og aðstöðu.

KB : Hér á okkar svæði hafa hestaferðafyrirtækin Eldhestar og Íshestar lagt til peninga í áningahólf og eins hafa Hekluhestar lagt til í reiðleiðir á þeirra nærsvæði.

HH : Árið 2019 var reynt að fá saman öll hestaferðafyrirtæki á landinu til fundar og var tilgangurinn sá að fá fyrirtækin til þess að leggja eitthvað til reiðvegamála. Það var boðað til fundar í Laugardal, það mættu tveir og þar með rann sú tilraun út í sandinn.

Skráð : Sæmundur Eiríksson.

❖

Reiðvegafé 2026

Umsóknir hestamannafélaga um reiðvegafé árið 2026 námu tæpum **607 milljónum króna**, sem er hæsta umsóknarfjárhæð til þessa.

Framlag ríkisins samkvæmt samgönguáætlun er **100 milljónir króna**. Til viðbótar liggja fyrir vilyrði sveitarfélaga um mótframlög að fjárhæð um **80,6 milljónir króna**. Samanlagt fjármagn til ráðstöfunar vegna verkefna ársins er því um **180,6 milljónir króna**.

Þessar tölur sýna glögglega hversu mikið bil er orðið milli þess fjármagns sem til ráðstöfunar er og þeirrar framkvæmda- og viðhaldsþarfar sem hestamannafélögin standa frammi fyrir.

Við úthlutun fjár er sem fyrr lögð áhersla á mikilvægi leiða, öryggi vegfarenda, samfellu reiðvegakerfisins, framkvæmdaþörf og mótframlög sveitarfélaga eftir því sem við á.

Framkvæmdir og samstarf við Vegagerðina

Samstarf LH, reiðveganefndanna og Vegagerðarinnar er mikilvægur þáttur í uppbyggingu reiðvegakerfisins.

Sérstaklega skiptir máli að reiðvegamál séu tekin með í reikninginn þegar stofn- og tengivegir eru endurbyggðir eða lagðir bundnu slitlagi. Við slíkar framkvæmdir getur skapast bæði þörf og tækifæri til að tryggja örugga reiðleið samhliða akvegi.

Á árinu hefur verið unnið áfram að því að bæta samskipti hestamannafélaga og Vegagerðarinnar með skýrari tengiliðum og verknúmerum fyrir einstök verkefni.

Samgönguáætlun 2026–2040

Eitt stærsta hagsmunamál ársins var afgreiðsla samgönguáætlunar 2026–2040.

Þrátt fyrir ítrekaðan málflutning Landssambands hestamannafélaga, Reiðvega- og samgöngunefndar LH, hestamannafélaga og annarra hagsmunaaðila samþykkti Alþingi að árlegt framlag ríkisins til reiðvega yrði áfram **100 milljónir króna** næstu fimmtán árin.

Niðurstaðan veldur miklum vonbrigðum.

Fjárhæðin helst óbreytt að nafnvirði allt tímabilið og rýrnar því að raunvirði með hverju ári ef verðlag og framkvæmdakostnaður halda áfram að hækka.

Til samanburðar var ríkisframlag til reiðvega 70 milljónir króna árið 2009. Sú fjárhæð jafngildir nú um eða yfir 140 milljónum króna á verðlagi ársins 2026. Raunvirði framlagsins hefur því þegar rýrnað verulega.

Þá liggur fyrir umfangsmikil vinna starfshóps innviðaráðherra um stöðu reiðvegamála. Niðurstaða þeirrar vinnu var að málaflokkurinn hefði verið vanfjármagnaður til lengri tíma og að nauðsynlegt væri að auka framlög verulega. Lagt var til að árlegt framlag til reiðvega yrði **300 milljónir króna** næstu ár.

Sú tillaga skilaði sér ekki inn í samþykkta samgönguáætlun.

Í kjölfar afgreiðslu Alþingis birti LH yfirlýsingu þar sem niðurstöðunni var harðlega mótmælt. Þar var lögð áhersla á að reiðvegir væru ekki aðeins mannvirki fyrir áhugamál heldur samgöngu- og öryggisinnviðir sem þjónuðu hestamönnum, ferðaþjónustu, útivist og byggðum landsins.

Reiðvega- og samgöngunefnd telur mikilvægt að áfram verði unnið að því að fá þessa ákvörðun endurskoðaða og að fjármögnun reiðvegakerfisins taki mið af raunverulegri framkvæmdaþörf og verðlagsþróun.

Skipulagsmál og varðveisla reiðleiða

Skipulagsmál eru sífellt stærri þáttur í starfi reiðveganefndanna. Mikilvægt er að fylgjast með aðalskipulagi og deiliskipulagi sveitarfélaga frá fyrstu stigum og gera athugasemdir áður en ákvarðanir eru teknar sem geta haft áhrif á reiðleiðir.

Þegar hefðbundin reiðleið hverfur úr skipulagi eða framkvæmd lokar henni getur reynst erfitt og kostnaðarsamt að endurheimta hana síðar. Því þurfa hestamannafélög og svæðisnefndir að fylgjast reglulega með skipulagsáætlunum á sínum starfssvæðum.

Á árinu komu einnig upp mál sem minna á mikilvægi góðra samskipta milli hestamanna og landeigenda. Þar þarf annars vegar að standa vörð um lögmætar og skipulagðar reiðleiðir og hins vegar að tryggja að hestamenn sýni landeigendum tillitssemi og virði þær reglur sem gilda um umferð um einkalönd og bæjarhlöð.

Kortasjá LH og skráning reiðleiða

Kortasjá LH er eitt mikilvægasta verkfæri hestamanna við skráningu, skipulagningu og varðveislu reiðleiða landsins.

Áfram þarf að vinna að uppfærslu skráðra leiða, leiðréttingum og skráningu þeirra leiða sem enn vantar í gagnagrunninn. Mikilvægt er að upplýsingar í Kortasjánni endurspegli sem best raunverulegt ástand leiða og skipulagsstöðu þeirra.

Kortasjáin gegnir jafnframt sífellt stærra hlutverki við skipulagsvinnu, framkvæmdaáætlanir og samskipti við sveitarfélög og stjórnvöld. Hún er þannig ekki aðeins upplýsingaveita fyrir ferðamenn og hestamenn heldur mikilvægt stjórntæki við framtíðaruppbyggingu reiðvegakerfisins.

Reiðvegahandbók og fagleg uppbygging

Reiðvegahandbókin og leiðbeiningarnar ***Reiðstígar – gerð og uppbygging*** eru mikilvægur grunnur að samræmdri og faglegri uppbyggingu reiðvega.

Markmiðið er að þær leiðbeiningar séu aðgengilegar hestamannafélögum, sveitarfélögum, Vegagerðinni og öðrum framkvæmdaraðilum þannig að uppbygging reiðvega taki mið af sambærilegum kröfum um legu, burð, yfirborð, frárennsli og öryggi.

Reiðvegir sem öryggis- og samfélagsinnviðir

Reiðvegir eru fyrst og fremst öryggismannvirki. Þar sem reiðumferð og bílaumferð mætast getur skapast veruleg hætta fyrir knapa, hesta og aðra vegfarendur. Öruggt og samfellt reiðvegakerfi dregur úr þessari hættu og gerir jafnframt hestamönnum kleift að stunda íþrótt sína og útivist án þess að þurfa að fara um fjölfarna akvegi.

Reiðvegir hafa einnig mikilvægt hlutverk fyrir hestatengda ferðaþjónustu og byggðir landsins. Gamlar þjóðleiðir og reiðleiðir eru auk þess hluti af menningararfi þjóðarinnar og margar þeirra hafa verið samgönguæðar landsins um aldir.

Því verður uppbygging og viðhald reiðvegakerfisins ekki eingöngu metið út frá fjölda félagsmanna í hestamannafélögum. Um er að ræða samgöngu-, öryggis-, íþrótta- og menningarinnviði sem hafa samfélagslegt og efnahagslegt gildi.

Verkefni fram undan

Helstu verkefni næstu missera verða áfram að vinna að aukinni og tryggari fjármögnun reiðvegakerfisins, fylgja eftir framkvæmdum og samstarfi við Vegagerðina, efla þátttöku sveitarfélaga, standa vörð um reiðleiðir í skipulagi og halda áfram uppbyggingu og uppfærslu Kortasjár LH.

Sérstök áhersla þarf að vera á að fylgja eftir niðurstöðu samgönguáætlunar 2026–2040. Óbreytt 100 milljóna króna framlag til ársins 2040 getur ekki talist sjálfbær fjármögnun málaflokksins þegar bæði verðlag og framkvæmdaþörf aukast. Reiðvega- og samgöngunefnd mun því áfram leggja áherslu á að reiðvegir verði viðurkenndir sem eðlilegur hluti samgöngu- og öryggisinnviða landsins og að fjármögnun þeirra taki mið af því.

Reiðvegaframkvæmdir 2025

Að loknum reiðvegaframkvæmdum hvers árs skila hestamannafélögin greinargerðum um þau verkefni sem unnin hafa verið fyrir úthlutað reiðvegafé. Greinargerðir vegna framkvæmda ársins 2025 gefa góða mynd af umfangi og fjölbreytni þeirrar uppbyggingar sem fram fer um land allt.

Greinargerðir bárust frá rúmlega 30 hestamannafélögum. Samkvæmt þeim var unnið að reiðvegum á um 155 km samtals, þótt eðli framkvæmdanna væri mjög mismunandi. Verkefnin náðu meðal annars til nýlagningar reiðvega, endurbóta og ofaníburðar á eldri leiðum, lagningar ræsa, lagfæringa við brýr, girðinga, áningarhólfa og færslu reiðleiða þar sem bæta þurfti öryggi hestamanna.

Skráð framlag úr reiðvegafé LH til þessara framkvæmda nam um 95 m.kr. Auk þess lögðu sveitarfélög víða fram verulegt mótframlag og hestamannafélögin sjálf lögðu til vinnu, tæki og annað framlag sem ekki kemur að fullu fram í fjárhæðum greinargerðanna.

Greinargerðirnar undirstrika því að opinbert framlag til reiðvega virkjar víða mun meiri framkvæmdir en fjárveiting ríkisins ein og sér segir til um. Samstarf ríkis, sveitarfélaga og hestamannafélaga er áfram ein af grunnforsendum þess að unnt sé að viðhalda og byggja upp reiðvegakerfi landsins.

Reiðveganefnd LH

Reiðvegir 2025 - Fjárheimildir / uppgjör

			Fjárheimild 2025	Greiðslur 2025	Uppgjgjör ónotað reiðvgafé Staða 31.12.2025
Suðursvæði 2					
Öll félögin	Ausur ehf ?		0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Kópur	V-Skaft.	1.500.000 kr.	1.500.000 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Sindri	Mýrdal	1.800.000 kr.	2.897.925 kr.	-1.097.925 kr.
Hestamannafélagið	Geysir	Rangárvallas.	6.950.000 kr.	7.673.212 kr.	-723.212 kr.
Ferðaleiðir: Geysir, Sindri 0,5m, Kópur, 0,5 m.			3.000.000 kr.	3.000.000 kr.	0 kr.
		Samtals:	**13.250.000 kr.**	**15.071.137 kr.**	**-1.821.137 kr.**
Suðursvæði 1					
Öll félögin			0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Ljúfur	Hverag. og Ölfusi	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Sleipnir	Selfossi og nágr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Háfeti	Þorlákshöfn	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Jökull	Uppsveitir Árn.	11.000.000 kr.	10.974.998 kr.	25.002 kr.
Hestamannafélagið			0 kr.	0 kr.	0 kr.
Ferðaleiðir: Jökll Lyngdalsheiði .			1.500.000 kr.	1.000.000 kr.	500.000 kr.
		Samtals:	**12.500.000 kr.**	**11.974.998 kr.**	**525.002 kr.**
Suðvestursvæði					
Reiðveganefnd í Kjalarnesþingi hinu forna:			0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Sprettur	G.bæ / Kópav.	3.800.000 kr.	3.838.000 kr.	-38.000 kr.
Hestamannafélagið	Brimfaxi	Grindavík	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Fákur	Reykjavík	3.300.000 kr.	3.332.999 kr.	-32.999 kr.
Hestamannafélagið	Hörður	Mosfellsbæ	3.300.000 kr.	3.299.387 kr.	613 kr.
Hestamannafélagið	Sóti	Álftanesi	800.000 kr.	808.000 kr.	-8.000 kr.
Hestamannafélagið	Sörli	Hafnarfirði	3.000.000 kr.	3.000.000 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Máni	Keflavík	800.000 kr.	808.000 kr.	-8.000 kr.
Hestamannafélagið	Adam	Kjósarsýslu	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Ferðaleiðir: Hörður; Þingvallaleið			4.000.000 kr.	4.033.555 kr.	-33.555 kr.
Ferðaleiðir: Sprettur Heiðmörk, Sörli Óbrynnishólar			4.500.000 kr.	4.525.000 kr.	-25.000 kr.
		Samtals:	**23.500.000 kr.**	**23.644.941 kr.**	**-144.941 kr.**
Vestursvæði					
Öll félögin			0 kr.		
Hestamannafélagið	Borgfirðingur	Borgarfirði	2.334.722 kr.	2.334.602 kr.	120 kr.
Hestamannafélagið	Dreyri	Akranesi	1.993.056 kr.	0 kr.	1.993.056 kr.
Hestamannafélagið	Glaður	Dalasýslu	1.522.515 kr.	1.522.465 kr.	50 kr.
Hestamannafélagið	Snæfellingur	Snæfellsnesi	1.843.202 kr.	1.843.169 kr.	33 kr.
Hestamannafélagið	Hending	Ísafirði	1.372.660 kr.	1.372.638 kr.	22 kr.
Hestamannafélagið	Stormur	Vestfjörðum	1.183.845 kr.	1.182.960 kr.	885 kr.
Ferðaleiðir: Sjá Umsókn og úthlutun flipi 3			2.500.000 kr.	2.067.949 kr.	432.051 kr.
		Samtals:	**12.750.000 kr.**	**10.323.783 kr.**	**2.426.217 kr.**

Norðursvæði 1					
Öll félögin			0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Snarfari	Skagaströnd	1.950.000 kr.	1.950.000 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Skagfirðingur	Skagafirði	3.000.000 kr.	3.000.000 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Neisti	A-Hún.	2.650.000 kr.	2.650.000 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Þytur	V-Hún.	2.650.000 kr.	2.650.000 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Glæsir	Siglufirði	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Ferðaleiðir: Sjá Umsókn og úthlutun flipi 3			2.500.000 kr.	1.950.000 kr.	550.000 kr.
		Samtals:	**12.750.000 kr.**	**12.200.000 kr.**	**550.000 kr.**
Norðursvæði 2					
Öll félögin			0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Léttir	Akureyri	2.000.000 kr.	2.000.000 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Funi	Eyjafirði	2.000.000 kr.	2.000.000 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Þráinn	Svalbarðsströnd	1.000.000 kr.	846.920 kr.	153.080 kr.
Hestamannafélagið	Þjálfi	S-Þing.	2.000.000 kr.	1.932.824 kr.	67.176 kr.
Hestamannafélagið	Feykir	N-Þing.	1.000.000 kr.	1.000.000 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Grani	Húsavík	1.000.000 kr.	1.000.000 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Hringur	Dalvík	2.000.000 kr.	2.671.899 kr.	-671.899 kr.
Hestamannafélagið	Gnýfari	Ólafsfirði	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Snæfaxi	Langanesbyggð	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Ferðaleiðir : Sjá Umsókn og úthlutun flipi 3			3.000.000 kr.	3.000.000 kr.	0 kr.
		Samtals:	**14.000.000 kr.**	**14.451.643 kr.**	**-451.643 kr.**
Austursvæði					
Öll félögin			0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Glófaxi	Vopnafirði	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Hornfirðingur	Hornafirði	2.700.000 kr.	2.800.000 kr.	-100.000 kr.
Hestamannafélagið	Freyfaxi	S-Múlasýslu	2.900.000 kr.	2.900.800 kr.	-800 kr.
Hestamannafélagið	Geisli	Breiðdalsvík	0 kr.	0 kr.	0 kr.
Hestamannafélagið	Blær	Norðfirði	1.650.000 kr.	1.600.000 kr.	50.000 kr.
Ferðaleiðir			0 kr.	0 kr.	0 kr.
		Samtals:	**7.250.000 kr.**	**7.300.800 kr.**	**-50.800 kr.**
		Samtals:	**96.000.000 kr.**	**94.967.302 kr.**	**1.032.698 kr.**
LH Ýmis reiðvegaverkefni			693.138 kr.	693.138 kr.	0 kr.
Skráning reiðleiða til Kortasjá LH			4.000.000 kr.	4.000.000 kr.	0 kr.
		Samtals:	**4.693.138 kr.**	**4.693.138 kr.**	**0 kr.**
			100.693.138 kr.	**99.660.440 kr.**	**1.032.698 kr.**
Samtals reiðvegaframkvæmdir 31.12. 2025				**99.660.440 kr.**	

Umsóknir um reiðvegafé 2026

Alls bárust 36 umsóknir hestamannafélaga um reiðvegafé fyrir árið 2026. Af þeim voru 28 metnar rétt útfylltar. Greinargerðir vegna framkvæmda bárust frá 34 félögum og voru 19 þeirra metnar rétt útfylltar. Með 32 umsóknum fylgdu jafnframt teiknaðar reiðleiðir í Kortasjá LH.
Umsóknir ársins sýna áfram mikla þörf fyrir uppbyggingu og viðhald reiðvega um land allt. Nánari sundurliðun umsókna, framkvæmda, kostnaðaráætlana og mótframlaga liggur fyrir í vinnugögnum Reiðvega- og samgöngunefndar.

Landssamband hestamannafélaga

Umsóknir og úthlutun á reiðvegafé fyrir árið 2026

Svæði:	Umsókn 2026	Úthlutun 2026	Mótframlag Sveitarfélag, aðrir	Til ráðstöfunar Alls	Hlutfall af úthl.	Hlutfall af heild
Suðvestursvæði, Reykjanes:	90.453.197 kr.	15.000.000 kr.	11.500.000 kr.	26.500.000 kr.	15,00%	14,67%
Suðursvæði 1, Suðurland vestur:	89.547.189 kr.	11.000.000 kr.	8.500.000 kr.	19.500.000 kr.	11,00%	10,79%
Suðursvæði 2, Suðurland austur:	90.350.000 kr.	9.500.000 kr.	15.850.000 kr.	25.350.000 kr.	9,50%	14,03%
Vestursvæði Vesturland / Vestfirðir	34.300.000 kr.	11.000.000 kr.	5.600.200 kr.	16.600.200 kr.	11,00%	9,19%
Norðursvæði 1, Norðvesturland:	38.800.000 kr.	10.800.000 kr.	3.700.000 kr.	14.500.000 kr.	10,80%	8,03%
Norðursvæði 2, Norðausturland:	68.260.000 kr.	11.500.000 kr.	7.750.000 kr.	19.250.000 kr.	11,50%	10,66%
Austursvæði, Austurland:	16.860.000 kr.	8.000.000 kr.	0 kr.	8.000.000 kr.	8,00%	4,43%
Ferðaleiðir	173.051.000 kr.	23.200.000 kr.	22.750.000 kr.	45.950.000 kr.	23,20%	25,44%
LH Ýmis reiðvegaverkefni	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0 kr.	0,00%	0,00%
